

Þú getur leitað til námsráðgjafa með persónuleg vandamál eins og:

- Áhyggjur
- Einbeitingu
- Einelti
- Einmanaleika
- Feimni
- Kvíða
- Vanlíðan



Þú getur leitað til námsráðgjafa með mál sem þú vilt ræða í trúnaði eins og:

- Áhugasvið
- Heimanám
- Mætingar
- Námsleiða
- Próf/prófkvíða
- Samskipti
- Skipulag/áætlanir
- Starfsval
- Val á framhaldsnámi
- Val á námsgreinum

Sjálundsskóli , Langalína 8,
210 Garðabær s. 590-3100

Námsráðgjafi í Sjálundsskóla er Rósa
Siensen. Netfang:
rosasi@sjalundsskoli.is.

Skrifstofa námsráðgjafa er á 1. hæð
rétt hjá bókasafninu. Viðtalstímar
fyrir nemendur og forráðamenn eru
eftir samkomulagi. Hafðu samband
við ritara í síma 590-3100 eða sendið
netpóst á netfangið

NÁMSRÁÐGJÖF



Hlutverk námsráðgjafa

- Hlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.
- Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Hann leitast við að aðstoða þá við lausn ýmissa mála sem upp koma. Hann stendur vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi og veitir þeim ráðgjöf.
- Samstarf á milli nemanda og námsráðgjafa er skilyrði þess að ráðgjöf nýtist nemandanum.
- Aðstoð námsráðgjafa miðar að því að nemandinn læri að taka ákvarðanir sem skipta hann máli.
- Nemendur geta leitað til námsráðgjafa að eigin frumkvæði eða beðið umsjónar-kennara að hafa milligöngu um viðtal.



Námsráðgjafi í Sjálandsskóla er
Rósa Siensen.
Netfang: rosasi@sjalandsskoli.is



Skrifstofa námsráðgjafa er á 1. hæð rétt hjá bókasafni. Viðtalstímar fyrir nemendur og forráðamenn eru eftir samkomulagi. Hafið samband við ritara í síma 590-3100 eða sendið netpóst á netfangið rosasi@sjalandsskoli.is

Helstu viðfangesefni námsráðgjafa

- Stendur vörð um velferð nemenda.
- Leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi.
- Leiðbeinir nemendum í persónulegum málum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum.
- Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Sinnir fyrirbyggjandi starfi í forvörnum s.s. gegn vímuefnum, einelti, ofbeldi o.fl. í samstarfi við aðra starfsmenn og foreldra.
- Undirbýr nemendur undir flutning milli skóla eða skólastiga.

Námsráðgjafi vinnur í nánun samstarfi við foreldra. Einnig hefur hann samstarf og samráð við ýmsa aðra s.s. kennara, sérkennara, skólasálfræðing og hjúkrunarfræðing og vísar málum til þeirra eftir því sem við á.



Verið velkomin til námsráðgjafa